

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts 2007 - 2008.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður árin 2007 – 2008, verði sem hér segir:

Dilkakjöt:

<i>Tímabil:</i>	<i>Útflutningshlutfall:</i>
20. júlí - 9. september 2007	10%
10. september - 7. nóvember 2007	16%
Frá 8. nóvember 2007	10%

2. gr.

Fyrir sömu tímabil og um getur í 1. gr. er útflutningshlutfall af kjöti af fullorðnu fé ákveðið 0%.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 20. júlí 2007. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 547/2006 um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. júlí 2007.

Einar K. Guðfinnsson.

Baldur P. Erlingsson.